

## 61. fundur skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 8. júní 2011 í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9 -11.

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir (fundarritari), Sigrún J. Marelsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður)

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Ragna Steinarsdóttir formaður Efnisorðaráðs Gegnis.

1. **Fundargerð síðasta fundar** lesin yfir og samþykkt.
2. **Listmannanöfn.** Ragna Steinarsdóttir leggur fram yfirlit á útfærslum listamannanafna í Gegni. Ljóst er að eðli nafnanna er mismunandi, en mikil þörf er á samræmingu m.a. til að listamenn geti verið í skránni undir því nafni sem þeir kjósa. Oft eru bæði nöfn notuð t.d. á hljómdiskum. Möguleg útfærsla er að listamanns nafnið sé eingöngu notað og vísað frá eigin nafni, t.d. Ásbjörn Morthens sjá Bubbi Morthens o.s.frv. Fundurinn skoðar enn framsetningu nafna í Primo, einnig skoðaður kafli 9.2 í nýju RDA reglunum og líka litið á nágildandi reglur AACR2. Þar kemur fram að velja skal algengustu nafnmynd, eða það sem persónan kýs að koma fram undir.
3. **Önnur mál.** a) Undanþágubeiðni vegna skráningarheimildar. Skráningarráð samþykkir beiðni umsækjanda um námskeið Landskerfis bókasafna til að öðlast skráningarheimild – á undanþágu frá skilyrði um próf í bókasafns- og upplýsingafræði.  
b) Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis koma á fundinn. Sigrún talar um **tækjafærslur**. Tekur sem dæmi einn grunnskóla, með mörg tæki og tól undir sömu færslu, en beðið hefur verið um hvort hægt sé að bæta leitir á þessu efni. Rætt um ýmsa möguleika á lýsingu efnisins í tengingarham. Sigrún Hauksdóttir vísar af fundi. Sveinbjörg segir frá útvíkkun á hlutverki Landskerfis sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 25. maí. Tilgangur félagsins er nú „að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðiþjónustu“. Á fundi með stjórn Aleflis kom fram að notendafélagið skoðar að víkka út starfssviðið þ.a. innan félagsins rúmist fleiri safnategundir en bókasöfn. Það er þó enn á frumstigi. Huga þarf að samræmi í skráningu og lyklun efnis þvert á gagnasöfn sem gerð verða aðgengileg í samþættri leitargátt. Talað um hvernig hægt er að varpa nafnmyndaskrá Gegnis yfir á annað form sem myndi nýtast við þetta. Í framhaldi af þessari umræðu barst í tal að Landskerfi heyrir nú undir fjármálaráðuneytið eins og önnur félög í meirihlutaeigu ríkisins, en skráningarráði finnst mikilvægt að tenging inn í menntamálaráðuneytið sem fagraðuneyti bókasafna haldist.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11. Næsti fundur verður haldinn í september. Skráningarráð þakkar öllum samstarfið á liðnu ári.